



RANGÁRÞING YTRA

Skipulags- og byggingarfulltrúi, Suðurlandsvegi 3, 850 Hella
s.: 488-7000, netfang: birgir@ry.is

Íbúafundur og kynning á hugmyndum um frekari nýtingu vindorku í Þykkvabæ

Íbúafundur um nýtingu á vindorku innan Rangárþings ytra verður haldinn þann 8. desember 2014, klukkan 20.00 í Íþróttahúsinu í Þykkvabæ skv. tilmælum Skipulagsnefndar.

Fulltrúar sveitarfélagsins ásamt forsvarsmönnum Bíokraft ehf munu sitja fundinn og svara spurningum eftir þörfum. Fundarstjóri verður Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig svara spurningum um önnur almenn skipulagsmál í sveitarfélaginu í lok fundar ef eftir því verður leitað.

Svohljóðandi var bókað á 75. fundi Skipulagsnefndar Rangárþings ytra þann 6. nóvember 2014:

--Vindorkubú við Þykkvabæ--

Bíokraft ehf 640812-1680 hefur óskað eftir að hafin verði skipulagsmeðferð vegna áforma um að reisa allt að 10 vindmyllur til orkuframleiðslu á landi Hábjæjar norðan við Þykkvabæ. Fulltrúar fyrirtækisins, þeir Steingrímur Erlingsson og Snorri Sturluson kynna áform fyrirtækisins.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en minnir á að orkuframleiðsla umfram 2 MW kann að vera umhverfismatsskyld í samræmi við viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Leita skal eftir mati Skipulagsstofnunnar þegar heildarorkuvinnsla liggur fyrir.

Skipulagsnefnd leggur til að haldinn verði íbúafundur sem allra fyrst þar sem íbúum á svæðinu verði kynnt væntanleg áform. Skipulagsfulltrúa falið að vinna að undirbúningi ásamt fulltrúum Bíokraft.

Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu skipulagsnefndar á fundi 11. nóvember 2014.

Fundurinn er öllum opinn en íbúar í Þykkvabæ eru sérstaklega hvattir til að mæta.

Skipulagsnefnd Rangárþings ytra